

# **Bókasafn Mosfellsbæjar**

**Ársskýrsla 2005**

# Bókasafn Mosfellsbæjar

## Ársskýrsla 2005

Árið 2005 var viðburðarríkt í sögu Bókasafns Mosfellsbæjar. Í janúar var safnið flutt úr 400 fm á annarri hæði í Kjarna (+ 50 fm geymslu í kjallara) í 1000 fm húsnæði á torginu í Kjarna. Þar af er Listasalur og tilheyrandi um 100 fm. Í þessu húsnæði er safninu ætlað að vera amk næstu 20 árin. Safnið var opnað aftur eftir flutninga þann 5. febrúar.

### Flutningar

#### **Undirbúningur**

Strax í janúar 2004 hófst undirbúningur með fundarhöldum þar sem bæjarstjóri, sviðsstjóri, húseigandi, forstöðumaður bókasafns og fleiri komu saman. Síðan tóku margir fundir við og ýmsir aðilar komu þar að málum.

Með tilliti til alþjóðlegra og norrænna staðla og viðmiðs Unesco var ákveðið að 950-1000 fm væri ásættanleg stærð miðað við næstu 20 ár og áætlaða íbúafjölgun á því tímabili.

Í lok febrúar var samþykkt að arkitekt hæfi frumvinnu og var Pétur Örn Björnsson ráðinn til starfans. Arkitektinn, Þjónustumiðstöð bókasafna og starfsfólk bókasafnsins unnu að undirbúningi frá þeim tíma.

Í mars kom tæknideildin að málinu og skilaði inn skýrslu um frágangskröfur húsnæðis. 28. apríl var bæjarráði kynnt málið formlega á bæjarráðsfundi. Var bæjarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

Á bæjarráðsfundi 27. maí var málinu vísað til bæjarstjórnar og hún samþykkti málið á fundi sínum 23. júní 2004.

Í framhaldi af því var hafist handa við leita tilboða í húsgögn, tölvur og annan búnað.

Í lok ágúst kom arkitekt á vegum húseiganda að málinu vegna ytra frágangs.

Hljóðvistarfræðingur gerði úttekt á Listasalnum. Hann lagði fram 3 valkosti sem fólust í mismunandi "fóðrun" loftsins: a) fyrir talað mál eingöngu, b) fyrir tónlistarflutning eingöngu og c) fyrir blöndu af þessu tvennu. Ákveðið var að taka valkost c.

Þegar ljóst var að opnun safnsins myndi dragast um of fram á haustið var henni frestað fram yfir áramót.

Fyrirtæki á torginu tóku að loka eða flytja um miðjan sept. og það síðasta um miðjan október. Framkvæmdir hófust þá á fullu við húsnæðið.

Nýr búnaður í safnið var geymdur á brettum í geymslu á neðra torginu fram yfir áramót.

Þá var hann tekinn upp og samsetning hófst í nýja húsnæðinu eins og hægt var með daglegri starfsemi safnsins á 2. hæðinni.

#### **Safnið flutt**

20. janúar var safninu lokað og flutningar fóru á fullt. Starfsmenn safnsins, allt kjarnakonur, tóku niður búnað og fluttu hann og safnkostinn og settu upp í nýja húsnæðinu. Viðbótarbúnaði var bætt við eldri búnað.

Tölvubúnaður var settur upp og útlánaþáttur Gagnis settur í tölvurnar í nýja safninu og tekinn í notkun eftir opnun safnsins þann 7. febrúar.

## **Geymslan**

Um sumarið var farið að flytja úr 50 fm kjallargeymslunni í 30 fm geymslu inn af nýja safninu. Þar var ýmis nýtanlegur búnaður, gjafabækur til safnsins og aukaeintök. Var endurnýjaður safnkostur bókasafnsins þar sem þess var þörf, en restin ýmist sett í geymslu eða fargað. Þessum flutningum lauk í haust.

## **Nýtt landskerfi bókasafna – Gegnir**

Innleiðing "nýja Gegnis" hófst í Landsbókasafni – Háskólabókasafni árið 2000.

Næst fóru svokölluð Fengers-söfn með Borgarbókasafn í broddi fylkingar inn í nýja Gegni. Árið 2004 kom svo að söfnunum með MikroMARC kerfi, þ.á.m. Bókasafni Mosfellsbæjar.

Í júlí hófu tveir starfsmenn að tengja safnkost safnsins við hið nýja bókasafnskerfi Gegni - Landskerfi bókasafna. Strikamerkja varð allan safnkost upp á nýtt. Einnig var safnkosturinn endurflokkaður og kjalmiðum breytt þar sem þess var þörf og úrelt efni grísað. Þessi vinna var unnin samhliða nýskráningu. Þetta var gríðarleg vinna og mikið auka álag á starfsmenn.

Stærsti hluti safnkosts var tengdur inn í Gegni við opnun og því hægt að lána hann út í nýja kerfinu. Það sem eftir stóð var lánað út í MikroMARC samhliða Gegni, framan af ári. MikroMARC kerfið var svo endanlega úr sögunni í desember 2005 eftir 17 ára notkun.

Það verður að segjast eins og er að starfsmönnum og lánþegum hefur gengið einstaklega vel að aðlagast nýju safni og nýju kerfi.

## **Opnun nýs safns á torginu í Kjarna**

Formleg opunarhátíð var laugardaginn 5. febrúar kl. 14 fyrir alla Mosfellinga með ræðuhöldum og tónlist. Listasalur Mosfellsbæjar var vígður sama dag með tónlistarflutingi kennara í Tónlistarskólanum og opnun samsýningar mosfellskra myndlistarmanna.

Safnið var síðan opnað mánudaginn 7. febrúar kl. 12.00 og venjuleg starfsemi hófst.

Afgreiðslutími safnsins er frá 12-19 mánud. – föstud. og 12-15 á laugard. allt árið.

Aðgengi er að lesaðstöðu, dagblöðum og almenningstölvum frá kl. 08 virka daga og tekið á móti grunnskólanemum og leikskólabörnum fyrir hádegi.

### **Aðsókn og útlán í nýju safni með nýtt kerfi**

Starfsemin hefur blómstrað í hinu nýja safni og aðsókn er góð, hefur aukist frá fyrra ári. Reyndar hefur aðsókn og útlán vaxið ört síðast áratuginn.

**Heimsóknir** í safnið (rafræn skráning heimsókna hófst 1. júní. Ekki er talið það rennsli sem kemur gegnum Þjónustuver og um inngang í Listasal Þverholtsmegin):

	Heildar- heimsóknir á mánuði	meðaltal heimsókna þá virku daga sem safnið er opið	meðaltal heimsókna þá laugardaga sem safnið er opið
janúar			
febrúar			
mars			
apríl			
maí			
júní	4.119	180	68
júlí	4.283	185	69
ágúst	4.580	223	82
september	4.051	189	69
október	4.635	221	91
nóvember	5.051	209	103
desember	6125	214	543 (3. des.hátíð)

Heildarheimsóknir júní – des : 32.744

Meðaltal á mánuði júní – des.: 4.678

Meðaltal á dag júní – des.: 203

**Áætlaðar heimsóknir allt árið amk. 56.200. (Árið 2004 voru tæpl. 54.000 heimsóknir)**

Margir komu sérstaklega til að skoða hið nýja safn fyrstu 8 – 10 vikurnar eftir að opnað var, áður en talning hófst, bæði einstaklingar og hópar.

**Útlán** (sjá einnig fylgiskjal: Útlán 1985-20059):

Safngögn eru í ýmsu formi. Bækur, hljóðbækur, tímarit, dagblöð, tónlistardiskar, margmiðlunardiskar, tölvuleikir fyrir börn, DVD og myndbönd.

**1. Í MikroMARC: 5.112**

öll útlán í janúar 2005 og síðan samhliða Gegni til ársloka

**2. Í Gegni: 62.657**

	Heildarútlán á mánuði	Meðaltal útlána á dag mánud. – laugard. (opið 12- 19 virka daga og 12-15 laugardaga)
febrúar	4.275	225
mars	5.915	246
apríl	5.579	223
maí	5.303	213
júní	5.312	213
júlí	5.651	226
ágúst	6.193	238
september	5.913	228
október	6.201	239
nóvember	6.509	250
desember	5.834	244

**Heildarútlán í Gegni og MikroMARC: 67.792 ( Heildarútlán 2004 voru 65.570)**

Heildarmeðaltal á dag í Gegnisútlánunum: 232

Þar sem gögnum er skilað í samsvarandi magni má segja að hátt á fimmta hundrað safngögn séu á ferðinni daglega inn og út úr safninu.

**Endurnýjun gegnum tölvu**

Viðskipavinir safnsins geta fengið sérstakt aðgangsnúmer að kerfinu og fylgst með viðskiptum sínum við safnið í tölvu heima hjá sér. Þannig geta þeir endurnýjað lán tvisvar gegnum tölvu ef gagnað er ekki pantað. Einnig er boðið upp á endurnýjun í gegnum síma.

Þessi þróun sparar starfsmenn og einnig sú staðreynd að almenningur er mun meira sjálfbjarga í söfnum í dag en áður. Vegna þessa og vegna hagræðingar og endurskipulagningar á vinnutíma starfsmanna var ekki þörf á að bæta við starfsfólki þó safnið hafi stækkað um helming og útlán og heimsóknir aukist til muna.

**Þráðlaust net. Heitur reitur – Hot spot**

OgVodafone setti upp þráðlaust net í bókasafninu. Inn á það tengjast tvær leitartölvur í Gegni, almenningstölvur safnsins, og Skólavefstölva.

Hægt er að fá aðgang að Netinu í almenningstölvunum gegn vægu gjaldi.

Einnig geta safngestir komið með sínar eigin tölvur og tengst Netinu endurgjaldslaust.

## **Kaffi í tímaritahorni**

Safnið hefur boðið safngestum upp á kaffisopa. Hefur það verið vel þegið. Vélin er staðsett við tímaritahillurnar og safngestir hafa virt þá beiðni að fara ekki með kaffið inn á steinteppið.

## **Skólavefurinn og uppgröftur að Mosfelli.**

Sérstök tölva er opin inn á Skólavefinn, sem er fyrst og fremst ætlaður fyrir grunnskólanemendur og foreldra þeirra.

Menningarmálanefnd gaf safninu sérstaka tölvu með frásögn af fornleifauppgröftrinum að Mosfelli í myndum og talmáli ásamt sögu staðar og sögunni af silfri Egils.

## **Barna- og unglingsstarf**

Eftir flutninga batnaði aðstaða til muna á öllum sviðum – bæði fyrir notendur og starfsmenn. Á gamla staðnum var t.d. mikil vinna og tilfæringar að taka á móti stórum hópum barna, en nú er það einfalt mál í nýja Listasalnum. Samstarf við leikskóla var með miklum blóma á árinu.

Öll börn og unglingar 18 ára og yngri fá skírteini endurgjaldslaust.

## **Formlegar og skipulagðar heimsóknir:**

Heimsóknir leikskóla með kynningu og sögustund voru alls 28. Skólahópur Reykjakots kom að auki fjórum sinnum.

Í mars komu 6 fjórðu bekkir í safnkynningu. Í apríl komu 6 þriðju bekkir í safnkynningu og fjórði bekkur Klébergsskóla.

Barnabókavörður safnsins fór í alla sex ára bekki, kynnti safnið og afhenti boðsbréf þar sem barni var boðið að koma með forráðamanni í safnið og fá skírteini.

Í október kom annar bekkur Lágafellsskóla og í nóvember komu 6 fjórðu bekkir í safnkynningu.

Í nóvember komu 9. og 10. bekkur Lágafellsskóla í tengslum við bókmenntakennslu og síðan 8. bekkur. Þau fengu skírteini, safnkynningu og kynningu á Gegni.

Nýr árgangur 4. bekkjar Klébergsskóla kom í safnkynningu í nóvember.

Haldin var rithöfundakynning fyrir 5. bekk í mars. Kristín Helga Gunnarsdóttir varð fyrir valinu í ár og fékk fimmta bekk í tveimur hollum. Afar skemmtileg heimsókn.

Í tengslum við Íbúabing í maí kom Möguleikhúsið og flutti Hatt og Fatt.

Í ágúst var 4 ára börnum af leikskólunum boðið upp á leikrit um Núma, flutt af Brúðuleikhúsinu.

Öllum 5 ára börnum leikskólanna var boðið 8. desember á jólaleikritið Smiður jólasveinanna, í flutningi Möguleikhússins.

Loks má geta þess að nemendur í myndlistarvali í efri deild Varmárskóla máluðu mynd sérstaklega fyrir barnadeild bókasafnsins.

## **Þjónusta við eldri borgarara**

Allir 67 ára og eldri fá skirteini endurgjaldslaust.

Farið er með bækur og tímarit einu sinni í viku á Opið hús á Hlaðhömrum. Starfsmaður safnsins er þar í eina og hálf klukkustund, lánað út og tekur á móti safngögnum.

Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur og leikari kom á 1. des. hátíð eldri borgara í Hlégarði í boði Bókasafns Mosfellsbæjar. Þar sagði hún frá sögusviði bókar sinnar um Guðríði Símonardóttur í máli og myndum.

## **Bókmenntakvöld og fleiri viðburðir í bókasafninu**

Bókmenntakvöld var haldið 25. nóvember. Þema kvöldsins var glæpasögur.

Gestir voru rithöfundarnir Viktor Arnar Ingólfsson, Ævar Örn Jóseppson, Árni Þórarinsson og Yrsa Sigurðardóttir. Einnig kom Katrín Jakobsdóttir bókmenntafræðingur sem hefur sérhæft sig í íslenskum glæpasögum. Yfir 90 gestir mættu á bókmenntakvöldið, sem þótti heppnast vel að vanda.

Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða, hélt jólagleði sína í Bókasafni Mosfellsbæjar 3. desember. Slík jólagleði er haldin í nýjasta safninu hverju sinni, ef hægt er að koma því við. Alls komu yfir 80 manns sem skoðuðu safnið og nutu kórsöngs, píanó- og fiðluleiks og léttra veitinga.

## **Listasalur Mosfellsbæjar**

Listasalur Mosfellsbæjar var nokkuð ásetinn þetta fyrsta ár. Dagskráin hófst með tónlistarflutningi kennara við Tónlistarskóla Mosfellsbæjar á opnunardaginn 5. febrúar. og samsýningu á myndlist núlifandi listamanna í Mosfellsbæ. Þau sem sýndu voru Áslaug Höskuldsdóttir, Arnfríður Lára Guðnadóttir, Bryndís Brynjarsdóttir, Brynhildur Ósk Gísladóttir, Dóra Árna, Hanna Bjartmars, Helga Jóhannesdóttir, Inga Elín Kristinsdóttir, Kristín María Ingimarsdóttir, Ólöf Oddgeirsdóttir, Sigurður Þórolfsson, Steinunn Marteinsdóttir og Þóra Sigurþórsdóttir.

Hjónin Guðrún Tómasdóttir söngkona og Frank Ponzi listfræðingur voru valin bæjarlistamenn 2004. Guðrún og Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú) héldu sameiginlega tónleika ásamt Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur píanóleikara 2. apríl. Þetta voru stofntónleikar Tónlistarfélags Mosfellsbæjar og haldnir í Listasalnum. Var áætlað að um 105 manns hefðu sótt þá tónleika.

Frank Ponzi opnaði sýningu 30. apríl á ljósmyndum Frederick W.W. Howells. Sýningin nefndist Ísland á árunum 1890-1901. Myndirnar eru flestar í nýútkominni bók Franks. Bára Kristinsdóttir ljósmyndari sýndi ljósmyndir í Listasalnum í júlí. Myndirnar eru lungað úr sýningu sem nefndist Heitir reitir og voru gróðurhús viðfangsefnið.

Á afmæli Mosfellsbæjar 9. ágúst var opnuð sýningin Glerþræðir. Þar voru sýnd gler- og textíilverk eftir Ólöfu Einarsdóttur, Sigrúnu Ó. Einarsdóttur og Sören S. Larsen.

Þessi glæsilega sýning kom beint úr sýningarsölum í Danmörku.

Bæjarlistamaður árisins 2005, Símon Ívarsson, hélt gítartónleika í bókasafninu 25. ágúst ásamt þremur öðrum listamönnum. Tónleikarnir fóru fram í safninu sjálfu þar sem Listasalurinn var fullur af glerlistaverkum. Mynduð var einskonar kaffihúsastemning og komu um 90 manns.

1. október opnaði Jón M. Baldvinsson myndlistarmaður athyglisverða málverkasýningu í Listasalnum. Sýningin nefndist *Með seinni skipunum* – allt olíumálverk

2. október héldu píanóleikararnir Jón Sigurðsson og Þórarinn Stefánsson tónleika og léku fjórhent á píanó í Listasalnum. Var fullt hús.

29. október hélt Torfi Jónsson myndlistarmaður sýningu í tilefni 70 ára afmælis síns. Sýningin nefndist *Þangað liggur beinn og breiður vegur bíða mín þar æsku draumalönd*. Á sýningunni voru vatnslitamyndir og kallígrafía. Vakti sýningin mikla athygli og var framlengd fram í desember.

13. nóvember hélt Þorvaldur Þorvaldsson bassasöngvari tónleika í Listasalnum. Undirleikari á píanó var Matthildur Anna Gísladóttir. Þótti þessum unga listamanni vel til takast

Í salnum voru einnig haldnir fjöldi nemendatónleika Tónlistarskólans, fræðslufundir og námskeið af ýmsum toga eins og um *Hvar.is* þar sem 110 bókaverðir af höfuðborgarsvæðinu mættu, fundir og námskeið á vegum skólaskrifstofu ofl. Fundur forstöðumanna almenningsbókasafna var í Listasalnum september og fagfélagsfundir ýmsir á haustönn. Kynningar á skipulagsmálum og lóðaúthlutunum. Í salnum fóru einnig fram móttökur af ýmsu tagi, bæði erlendra og innlendra gesta á vegum bæjarins, nú síðast vegna útkomu Sögu Mosfellsbæjar.

### **Þjónustan almennt**

Þjónusta bókasafnsins samræmist lögum um almenningsbókasöfn og markmiðum safnsins. Allir eiga greiðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti í aðgengilegu húsnæði. Hægt er að komast á Internetið úr tölvum safnsins eða með því að tengja eigin tölvu gjaldfrítt þráðlausu neti safnsins.

Gegn framvísun eigin skírteinis er hægt að fá safngögn að láni: bækur, tímarit og tónlist og fræðslumyndir á DVD/myndböndum. Gegn vægu gjaldi fást leigðar valdar kvikmyndir og barnaefni á DVD/myndböndum.

Samningar veita Mosfellungum aðgang að safnkosti Borgarbókasafns og er hægt að panta safngögn þaðan. Skírteini keypt í Bókasafni Mosfellsbæjar gildir einnig í Borgarbókasafni og Bókasafni Seltjarnarness.

Með nýja kerfinu opnaðist leið fyrir lánþega að framlengja útlán gengum netið, allt að tvisvar sama safngagnið.

Safngestir geta sest niður víða í safninu, unnið verkefni eða kíkt í bækur, tímarit og dagblöð og spjallað yfir kaffibolla.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á þjónustu við börn og unglinga í samvinnu við grunn- og leikskóla bæjarins. Einnig er komið til móts við eldri borgara með útlánunum á Opnu húsi að Hlaðhömrum.

Bókasafnið stóð fyrir bókmenntakynningum o.fl. uppákomum fyrir börn og fullorðna. Í Listasal Mosfellsbæjar var boðið upp á margar myndlistarsýningar gjaldfrjálst. Einnig var boðið upp á tónleika á vegum bæjarins eða einstaklinga.

## **Upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn**

Á árinu var settur á fót vísir að upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn. Fenginn var ferðamálafrömuður í heimsókn og í framhaldi af því pantaðir alls kyns bæklingar, sem síðan lágu frammi allt sumarið og fram á haust. Auk þess fengu ferðamenn aðgang að Internetinu á safninu. Þegar er hafinn skoðun frekari uppbyggingu þessa þáttar í samvinnu við Þjónustuver Mosfellsbæjar, t.d. er lokið endurskoðun texta í ferðamannahandbókina Around Iceland 2006.

## **Starfsmenn**

Starfsmenn á árinu voru 8 í 5.35% stöðugildum auk ræstitækni í 50% starfi.: Forstöðumaður í 100% starfi, tveir bókasafnsfræðingar í 100% starfi hvor, kennaramenntaður barnabókavörður í 50% starfi og fjórir þjónustufulltrúar á bókasafni í hlutastörfum.

Starfsmannafundir voru mánaðarlega á árinu og telja starfsmenn þá afar gagnlega. Þá var einn vinnufundur daglangt að hausti þar sem farið var yfir stöðu mála og línurnar lagðar fyrir næsta starfsár.

Forstöðumaður tók starfsmenn í starfsmannaviðtöl og hélt að því loknu starfsmannafund. Voru þar tekin fyrir öll mál sem starfsmenn vildu breyta og/eða bæta og náðist samstaða um allt sem þar kom fram.

Farið var á námskeið í notkun Gegnis og fleiri námskeið sem tengjast starfinu beint. Tveir starfsmenn luku á árinu 2ja ára bókasafnstækninámi með starfi í Borgarholtsskóla. Námið er alhliða nám í upplýsingatækni.

Um haustið færði einn starfsmaður í 70% starfi sig yfir á stjórnslusvið og annar minnkaði við sig um 10%. Við það skapaðist tækifæri til endurskipulagningar á vinnutíma við ráðningu nýs fólks. Með því að ráða þrjá í þetta 80% starfshlutfall og breyta vinnutíma annarra starfsmanna lítilliga í góðri sátt við alla, nýtist vinnutíminn mun betur en áður. Það er m.a. ástæða þess að ekki hefur þurft að fjölga stöðugildum við flutning og stækkun safnsins. Það spilar þó fleira þar inn í eins og minnst hefur verið á hér að framan.

Verður að segjast eins og er að þegar þessi skýrsla er rituð í janúar 2006 er safnið vel mannað mjög hæfu, duglegu og jákvæðu fólki.

Samstarf við stjórnendur bæjarins var gott og styðjandi að vanda.

## **Vinabæjasamstarf Mosfellsbæjar**

Um árabíl hefur umsjón með vinabæjasamstarfi bæjarins verið á herðum bókasafnsins. Helga Jónsdóttir hefur verið verkefnisstjóri yfir þessum málaflokk og unnið með Félagsmiðstöð og Norræna félaginu að framkvæmdum með fulltingi Björns Þráins Þórðarsonar sviðsstjóra. Starfið hefur verið hefðbundið að mestu.

Á árinu 2005 hófst starfið þannig, að í janúar voru send bréf til allra nemenda í 8. bekkjum Varmárskóla og Lágafellsskóla og þeim og fjölskyldum þeirra boðið að taka þátt í Unglingaverkefni vinabæjanna með því að hýsa einn ungling í 2 vikur eða svo. Átta unglingar koma frá fjórum vinabæjum og jafnmarga gestgjafa vantar árlega. Ekki var slegist um þátttökuna. Allt fór vel að lokum, þó þannig að ein fjölskyldan hýsti tvo gesti.

Átta gestgjöfum ársins 2004 var boðið að fara til hinna vinabæjanna sumarið 2005, að taka þátt í verkefninu þar. Sex melduðu sig, og varð niðurstaðan sú að enginn Mosfellingur fór til Finnlands að þessu sinni.

Verkefnið stóð yfir í júníbyrjun, og í lokin voru allir ánægðir með niðurstöður, bæði gestgjafar, gestir og utanfarar okkar.

### **Haustfundur í Thisted.**

Næsta verkefni var að undirbúa vinnufund í Thisted í Danmörku. Á þann fund fóru auk Helgu þau Björn Þráinn og Hanna Bjartmars frá Norræna félaginu. Umfjöllunarefni átti að vera unglिंगaverkefnið og væntanlegt vinabæjamót í Thisted sumarið 2006.

1. Töluvert hefur verið rætt um það að breyta fyrirkomulagi unglिंगaverkefnisins. Það hófst að frumkvæði Mosfellsbæjar, þar sem forsendan var Vinnuskólinn/unglingavinnan. Í hinum bæjunum hafa verið ýmsir praktískir örðugleikar uppi á teningnum; fermingarfræðsla, skóla ekki lokið, jónsmessuhátíð svo eitthvað sé nefnt. Uddevalla og Skien hafa komið með lauslega reifaðar tillögur að breytingum, en þær hafa ekki náð verulegri fóttfestu. Stendur til að gefa þeirri umræðu meira rúm á næsta vinnufundi, þó verður það ekki gert nema þessir aðilar komi með betur undirbúnaðar breytingartillögur. Skipt hefur verið um kontaktaðila/ritara í Uddevalla, Loimaa og Skien á undanförmum árum og hefur sambandið gengið nokkuð treglega, etv. vegna mismikils áhuga viðkomandi eða reynsluleysis. Í Thisted mun Niels Jeppesen, sem hefur verið manna lengst í þessu samstarfi, láta af þessum skyldustörfum sínum á árinu 2006.

Á haustfundinum var rætt fram og aftur um breytingar og ekki síður um dagsetningar verkefnisins árið 2005. Sýndist sitt hverjum, sbr. skýrslu um fundinn sem lögð var fyrir menningarmálanefnd.

2. Búið var við að danirnir legðu fram tillögur að endanlegum fjölda vinnuhópa sem munu starfa á mótinu 2006. Svo varð ekki. Skýringin var sú, að um áramót 2005-6 átti að fara fram sameining sveitarfélaga á svæðinu, og núverandi framkvæmdastjórn vildi ekki binda hendur nýrrar með föstum ákvarðanatökum.

Þessu var því frestað, því miður, því undirbúningur hjá okkur hinum hefði getað farið strax af stað. Fyrir 1. mars 2006 er áformað að þessir vinnuhópar verði ákveðnir og sendar út fréttir um það.

Mosfellsbær janúar 2006  
Marta Hildur Richter forstöðumaður  
Bókasafni Mosfellsbæjar